AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarfjarðarsveit.

Hreppsnefnd Borgarfjarðarsveitar, Borgarfjarðarsýslu, hefur samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Signýjarstaða. Deiliskipulagið var auglýst og samþykkt árið 1998.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt lögum nr. 73/1997 og skipulagsreglugerð nr. 400/1998.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. hreppsnefndar Borgarfjarðarsveitar, 12. mars 2003.

Linda Björk Pálsdóttir, skrifstofustjóri Borgarfjarðarsveitar.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald á Hellu árið 2003.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund, sbr. 1. lið 2. gr. samþykktar um hundahald á Hellu nr. 45/2002, skal á árinu 2003 vera kr. 8.355. Gjalddagi er 1. mars og eindagi 31. mars vegna hunda sem eru á skrá um áramót, annars er 30 daga gjaldfrestur.

Allur kostnaður vegna föngunar og vörslu hunda, sem teknir eru lausir, s.s. útkallskostnaður, bifreiðakostnaður, búrleiga og auglýsingar, skal greiddur af hlutaðeigandi leyfishafa eða umráðamanni hunds, sé um leyfislausan hund að ræða.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Rangárþings ytra þann 23. janúar 2003 samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, gildir fyrir árið 2003 og tekur þegar gildi. Heilbrigðisnefnd Suðurlands samþykkti gjaldskrána þann 19. febrúar 2003.

Hellu, 28. febrúar 2003.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings ytra,

Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjóri.